

## Nd. 181. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 1. febr. 1936, um Háskóla Íslands.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Jörundur Brynjólfsson.

### 1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er háskóladeild að veita háskólagengnum manni, sem hefir a. m. k. í 3 mánuði samfleytt haldið uppi kennslu í tilteknum fræðigreinum fyrir stúdenta deildarinnar, leyfi til að kenna og prófa stúdentana við embættispróf í þeim, enda sé það leyfi veitt samkvæmt ósk meiri hluta þeirra stúdenta, sem að staðaldri sækja kennslustundir í hlutaðeigandi deild, og samþykki kennslumálaráðherra eða háskólaráðs komi til.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Það er ekki óalgengt, að kennaraskipti verði á miðju skólaári í háskólanum. Er það nemendum, sem eru að búa sig undir embættispróf, mjög óþægilegt, að annar maður prófi þá en sá, sem þeir hafa notið kennslu hjá, því að honum eru þeir farnir að venjast. Er það óþarfi að gera þeim þessi óþægindi, ef annað er hægt, og þeir sjálfir og viðkomandi deild óskar þess, að komast hjá þeim.

Þetta mun meðal annars eiga þátt í þeim óskum, sem nú hafa komið fram frá guðfræðideild háskólans við kennaraskiptin. Og þessum óskum er a. m. k. hægt að mæta, hvað sem öðru líður, um önnur ágreiningsefni kennaraskiptanna.

Þá má einnig benda á, að vel getur svo farið, er skólanum vex fiskur um hrygg og hann fær betra húsnæði en nú er, að einstakir, góðir fræðimenn fái leyfi um lengri eða skemmri tíma að kenna í fræðigreinum sínum við háskólann, og er þá ekki nema eðlilegt, að háskólinn eða kennslumálaráðherra geti veitt þeim leyfi til að prófa nemendurna í þeim fræðigreinum, er þeir hafa veitt þeim tilsögn í.

Nánar í framsögu.